

SR - MJÖL  
Gunnar Sverrisson  
Hús veslunarinnar, Kringlan 7  
103 Reykjavík

2002120025  
7000; 9310

Reykjavík, 5. febrúar 2003  
/--

**Efni: Afkastaaukning í fiskimjölsverksmiðju SR-mjöls hf. á Seyðisfirði. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis SR-Mjöls hf. dags. 5. desember 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt afkastaaukning í fiskimjölsverksmiðju SR-mjöls á Seyðisfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Seyðisfjarðarkaupstaðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Hollustuverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Seyðisfjarðarkaupstað með bréfi dags. 23. desember 2002, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 23. desember 2002. Tölvupóstur barst frá Hollustuvernd ríkisins dags. 18. desember 2003 með tilkynningu um að nýstofnuð Umhverfisstofnun myndi veita umsögn í stað Hollustuverndar ríkisins. Umsögn barst frá Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. janúar 2003. Svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 4. febrúar 2003.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér endurnýjun eimingartækja með uppsetningu nýrra og afkastameiri tækja og ennfremur fjölgun þurrkara í verksmiðju úr tveimur í þrjá. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka afköst í vökvaferli verksmiðjunnar og bæta orkunýtingu. Samkvæmt starfsleyfi eru hámarksafköst núverandi verksmiðju 1200 tonn á sólarhring en afköst eru að jafnaði 1000 tonn á sólarhring.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki verði breyting á grunnfleti verksmiðjunnar en að hækka þurfi hluta verksmiðjuhússins um 6-8 m vegna tilkomu nýrra eimingartækja. Fyrirhugaðar breytingar á verksmiðjunni verði til þess að hámarksafköst aukist

úr 1200 tonnum á sólarhring í 1400 tonn á sólarhring. Bent er á að með tilkomu stærri fiskiskipa með kælibúnaði hafi löndunarovökvi aukist verulega frá því sem áður var. Afkastaaukningin muni gera verksmiðjunni auðveldara að vinna fyrir stóra farma og minnki þar af leiðandi líkur á að hráefni skemmist meðan á vinnslu stendur, með tilheyrandi lyktarmengun. Fram kemur að framkvæmdin gefi af sér bættu nýtingu, meiri hráefnisgæði, meiri mjölgæði og minni útblástur verksmiðjunnar af svartolíubrennslu þar sem hlutur raforkunotkunar aukist á kostnað svartolíunotkunar. Hin nýju eimingartæki með endurþjöppunarbúnaði muni nota raforku í stað gufu frá olíukötlum og gufa inn á gufupurrkara verði framleidd með rafkatli verksmiðjunnar. Fram kemur að mengun af völdum rekstursins muni ekki aukast við framkvæmdina. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin eigi ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögnum Seyðisfjarðarkaupstaðar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í núgildandi starfsleyfi verksmiðjunnar frá 18. nóvember 2002 séu ákvæði um mengunarvarnir er lúti að útblæstri frá þurrkurum, frárennsli frá löndun og vinnslu og hávaða. Ekki sé talin hætta á hávaðamengun í íbúðarbyggð þar sem fyrirtækið sé staðsett í öruggri fjarlægð frá núverandi byggð. Fram kemur að á grundvelli upplýsinga fyrirtækisins telji Umhverfisstofnun að fyrirhuguð afkastaaukning muni ekki leiða til aukinnar mengunar frá fyrirtækinu þar sem núverandi mengunarvarnarbúnaður anni þeirri aukningu sem verði á uppgufunarlofti. Gerð verði krafa í starfsleyfi um að fyrirtækið leggi fram gögn sem sýni að hreinsibúnaður anni því aukna loftmagni sem fyrirhuguð framleiðsluaukning muni hafa í för með sér. Fram kemur að við fyrirhugaðar framkvæmdir aukist geta verksmiðjunnar til að eima blóðvatn og annan vökva sem til falli frá löndun og vinnslu. Á síðasta ári hafi verið sett upp hreinsikerfi fyrir allt frárennslisvatn frá loðnuflokkun, löndunarkerfi og hráefnistönkum og einungis sé eftir að tengja frárennsli frá gölfum við hreinsibúnað. Gerð verði krafa í starfsleyfi um að hreinsibúnaður á frárennsli anni þeirri afkastaaukningu sem fyrirhuguð sé. Fram kemur að við vinnslu bræðslufisks berist oft mikið hráefni til verksmiðja á stuttum tíma. Mikilvægt sé því að hægt sé að ljúka vinnslu aflans sem fyrst þannig að ekki sé verið að vinna skemmt hráefni sem veldur aukinni mengun. Stærsti hluti framleiðslu fyrirtækisins hafi verið hágæðamjöl (LT-mjöl) sem ýti undir að vandað sé til hráefnis. Einnig beri að taka tillit til að samhliða fyrirhugaðri afkastaaukningu verksmiðjunnar hafi fyrirtækið dregið stórlega úr notkun svartolíu og noti í þess stað eingöngu raforku til gufuframleiðslu. Umhverfisstofnun telur því ekki að umrædd framkvæmd sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða framkvæmd sem leiðir til afkastaaukningar í vinnslu fiskimjölsverksmiðju SR-mjöls hf. á Seyðisfirði um 200 tonn á sólarhring, úr 1200 tonna hámarksafköstum í 1400 tonn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Með fyrirhuguðum framkvæmdum mun hráefni til bræðslu verða ferskara og framleiðslutími mun stytast. Minni líkur eru á því að unnið verði skemmt hráefni sem valdi aukinni mengun en fram til þessa. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir fyrirhugaða framleiðsluaukningu verksmiðjunnar muni uppsetning nýrra eimingartækja og nýs þurrkara draga úr líkum þess að fyrirhuguð afkastaaukning leiði til aukinnar mengunar í frárennsli eða útblæstri. Samkvæmt framlögðum gögnum getur Umhverfisstofnun sett ákvæði í starfsleyfi þess efnis að fyrirtækið leggi fram gögn sem sýni að hreinsibúnaður anni því aukna loftmagni sem fyrirhuguð afkastaaukning hafi í för með sér og ennfremur ákvæði þess efnis að hreinsibúnaður á frárennsli anni þeirri afkastaaukningu sem fyrirhuguð er. Skipulagsstofnun telur af framlögðum gögnum að ekki sé hætt á hávaðamengun í íbúðarbyggð.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju SR-mjöls hf. á Seyðisfirði um 200 tonn á sólarhring sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að áður en veitt er byggingarleyfi fyrir hækkun verksmiðjuhússins þarf að kanna hvort til sé gildandi deiliskipulag af svæðinu og hvort fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við það. Ef framkvæmdin er í ósamræmi við gildandi deiliskipulag þarf að breyta því, ef ekki er til gildandi deiliskipulag af svæðinu þarf að grenndarkynna framkvæmdina skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 10. mars 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Seyðisfjarðarkaupstaður, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Austurlands.